

Sameiginlegur stjórnarfundur SK, SN og SSÍ í K-húsinu, 20.maí 2008 kl. 19:00

Mættir:

SK:Guðmundur, Guðrún, Sigríður, Sigurbjörg og Falur. Júlíus var að vinna, Lilja boðaði forföll og Þórhildur mætti ekki.

SN: Guðný, Helga, Harpa og Víðir

SSÍ: Hildur Karen

Auk þess voru boðuð og mættu: Níels (lokahófsstjóri á AMÍ), Kristín (ritstjóri AMÍ bæklinga) og Edda (bolastjóri)

1.mál Farið yfir fundargerð síðasta AMÍ fundar

Farið var yfir fundargerð fundar sem haldinn var 29. apríl.

Gummi upplýsti að JAK sé klár í að verða ljósmyndari á AMÍ 2008, alla daga nema laugardaginn. Ákveðið að fá JAK alla dagana, nema laugardaginn, og SSÍ og ÍRB skipti með sér greiðslu til JAK.

Maggi Trygga verður fjölmiðlafulltrúi, lagt til að SSÍ semji við hann á svipuðum nótum og á síðasta AMÍ.

SSÍ mun greiða ÍRB fyrir kaffi og meðlæti fyrir starfsmenn mótsins, Hildur Karen kemur með tillögu að upphæð per hluta.

Hildur Karen kynnti samantekt sem sýnir að rétt tæplega 300 sundmenn hafa nú tryggt sér keppnisrétt á AMÍ. Framundan eru Akranesleikarnir, SH-International ásamt mótum hjá Breiðabliki og Grindavík og ljóst að bætast mun við þennan hóp, en spurning hversu mikið.

2.mál AMÍ bæklingu

Kristín ritstjóri kynnti drög að innihaldi bæklinga, sem er nánast orðinn fullur. Ákveðið að skoða þann möguleika að bæta við 4 síðum og þá um leið nokkrum auglýsingum. Kristín kynnti einnig AMÍ 2008 logo, sem mæltist mjög vel fyrir.

Ákveðið að Hildur leggi fyrir stjórn SSÍ hvernig dagskrá mótsins á að líta út í bæklingunum. Gerð tillaga að tækni- og fararstjórafundi á miðvikudagskvöldi og mótsetningu á miðvikudagskvöldi. Einnig að tæknifundur verði alla mótisdaga, 15 mínútum eftir að mótsdegi lýkur.

3.mál Staða mála í öðrum völdum málaflökkum

Níels sagði frá því að Fjölbrotaskóli Suðurnesja mun í vikunni svara hvort lokahóf geti, vegna viðgerða, farið framí sal skólans, til vara er Íþróttahúsið á Sunnubraut. Á lokahófi AMÍ 2007 á Akureyri voru um 350 manns. Níels mun fljótlega huga að tilboðum í mat á lokahófi og einnig að skemmtiatriðum.

Guðný Ester kynnti að bærinn mun bjóða svæði á bak við Holtaskóla og Sýslumannstúnið fyrir tjöld, hjólhýsi o.þ.h. og skaffa rafmagn og salernisaðstöðu. Til vara er líka lóð á Myllubakkaskóla.

Edda gerði grein fyrir því að innan skamms liggur fyrir prufumerking á boli og verðtilboð í merkingu. Á bolunum verður logo AMÍ (sem inniheldur logo Reykjanesbæjar), Sparisjóðsins og Samkaupa. Fjöldi bola sem SH hafði pantað er 540.

Lagt til að Vatnaveröld verði opinn til æfinga fyrir félög frá hádegi á miðvikudegi 18. júní.

Hildur Karen sagði frá því að hún er byrjuð að huga að verðlaunapeningum, en m.a. þarf SSÍ að ákveða hvernig þeir eru merktir, þar sem nú er ekki keppt í sömu flokkum og undanfarin ár.

4. Önnur mál

Fyrirkomlag og staðsetning mótsetningar rætt og Gumma m.a. falið að ræða það við tengiliði okkar hjá Reykjanesbæ.

Lögð áhersla á að SSÍ fari fljótlega að kynna reglur um mönnum mótsins, m.t.t. fjölda sundmanna, og kalla eftir því að félög fari að huga að því. Ef félög geta ekki lagt til, t.d. dómara eða tæknifólk, þá muni ÍRB skoða að dekka þau hlutverk fyrir viðkomandi félög, en fá á móti fólk til að vinna við önnur störf í tengslum við mótið.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið 21.30

Næsti fundur tímasettur 3. júní og þá verði einnig kallaðir til hópstjórar í fleiri málaflokkum á borð við matseld, sjoppu, riðlastjórnun, gistingu og fleira.

Ritari: Guðmundur Jón Bjarnason